

Fimmtudaginn 24. september 1981.

Nr. 219/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Guðfinni Birki Antonssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Þjófnaður. Náðun. Réttaráhrif ítrekunar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sakarmat og færslu hátternis til refsíákvæða.

Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 21. september 1981, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, lauk ákærði hinn 8. maí 1974 við að afplána refsingu samkvæmt dómi Hæstaréttar 16. maí 1973. Hinn 27. september 1974 var ákærði náðaður af þeim hluta refsivistar, 98 dögum, er hann þá átti óafplánaðan samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur 4. apríl 1973. Sama dag var ákærði náðaður af fangelsisrefsingu samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur 6. júní 1973. Í báðum tilvikum var ákærði náðaður skilorðsbundið. Var skilorðstími 3 ár, og stóðst hann skilorð náðunar.

Um skilorðsbundna náðun eru nú ákvæði í 5. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 16/1976. Þykir eðlilegast samkvæmt almennum sakfræðiviðhorfum og meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga, að um réttaráhrif þeirrar skilorðsbundnu náðunar, er ákærði hlaut hinn 27. september 1974, fari eftir fyrrgreindri 42. gr., sbr. 3. mgr. hennar, svo sem hún er orðuð með 3. mgr. 3. gr. laga nr. 16/1976. Með því að ákærði stóðst skilorð náðunar, ber að telja refsingu fullnægt á því tímamarki, er hann hlaut náðun. Voru réttaráhrif ítrekunar vegna refsídóma þeirra, er náðunin laut að, því fallin brott, þegar ákærði

framdi brot það, sem hann er nú sakfelldur fyrir, sbr. 3. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga.

Að þessu aðgættu þykir mega staðfesta refsíákvörðun héraðsdómara.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um bótagreiðslu og sakarkostnað að aðgættum lagaákvæðum um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, sbr. lög nr. 35/1979.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. júní 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 18. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 310/1980: Ákæruvaldið gegn Guðfinni Birki Antonssyni, sem tekið var til dóms 11. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 30. f. m., gegn Guðfinni Birki Antonssyni, Sörlaskjóli 58, fæddum 10. febrúar 1949 á Ísafirði, „fyrir þjófnað með því að hafa miðvikudaginn 23. apríl 1980 farið inn í herbergi Páls Tómassonar í Heilsuhæli Náttúru-lækningafélags Íslands í Hveragerði og stolið 300.000 krónum úr skúffu.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Í máli þessu hefur Páll Tómasson, Nesvegi 25, Neskaupstað, krafist þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu bóta að fjárhæð 61.200 kr.

Sannað þykir með framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn, að hann hafi að morgni miðvikudagsins 23. apríl sl., er hann dvaldist í Heilsuhæli Náttúrulækningafélagsins í Hveragerði, tekið 300.000 kr. í peningum úr ólæstri skúffu í herbergi Páls Tómassonar úr Neskaupstað, sem einnig dvaldist í hælínu. Með peningana fór ákærði til Reykjavíkur. Lögreglan hafði upp á honum sama dag, og átti hann þá eftir 238.800 kr., en mismuninum var hann búinn að eyða.

Brot ákærða varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga, eins og í ákæru segir.

Ákærði hefur sætt þessum refsidómum:

12. júní 1970 7 mán. fangelsi fyrir brot gegn 248. og 261. gr. alm. hegningarlaga.

3. sept. 1970 5 mán. fangelsi fyrir þjófnað og fjárdrátt.

15. jan. 1971 sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en refsing ekki dæmd.

8. júlí 1971 4 mán. fangelsi fyrir fjársvik.

8. ágúst 1972 1 árs fangelsi fyrir skjalafals og fjársvik.

16. okt. 1972 60 daga fangelsi (hegningarauki) fyrir fjársvik.

(Tveim síðasttöldu málunum var skotið til Hæstaréttar, og voru þau dæmd þar í einu lagi. Niðurstaða 12 mánaða fangelsi).

4. apríl 1973 8 mánaða fangelsi fyrir fjársvik.

6. júní 1973 10 mánaða fangelsi fyrir fjársvik.

26. sept. 1973 sakfelldur fyrir ölvun við bifreiðarstjórn, en refsing ekki dæmd.

Ákærði á þannig langan brotaferil að baki, en hann hefur þó ekki sætt refsingu fyrir auðgunarbrot sl. 7 ár.

Refsing ákærða verður ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Krafa Páls Tómassonar verður tekin til greina.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlauna verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Guðfinnur Birkir Antonsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði Páli Tómassyni 61.200 kr.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.